

EFTIRLITSSKÝRSLA

Becromal Akureyri



Dags eftirlits	23.9.2014	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Becromal	Fulltrúi UST	
Heimili	Krossanesbraut	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902070120	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Urszula Tlólka	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Pórdís Vignisdóttir	Staðsetning	540624,714 578699,611

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirliti og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Haldinn var samráðsfundur í tengslum við eftirlitið. Starfsemi verksmiðjunnar var kynnt og farið yfir málefni varðandi tæknibúnað og fráveitu. Rekstraraðili ritar fundargerð og sendir eftirlitsaðila.

Í síðasta eftirliti kom fram frávik varðandi frárennismál skv. gr. 6 í starfsleyfi. Nú hefur Norðurorka tekið yfir rekstur fráveitumála á Akureyri og hafa viðræður verið í gangi um lausn málsins. Haldinn var fundur þann 6. feb. sl. með rekstraraðilum, Heilbrigðiseftirliti, Norðurorku og eftirlitsaðilum. Var niðurstaða þess fundar sú að Norðurorka og rekstraraðili setja niður rotþró til að taka við frárennsli v. starfsmannaaðstöðu en annað frárennsli er leitt í affalstank sem stendur á lóðinni þar sem sýrustig er jafnað áður en frárennslinu er veitt út í sjó. Rekstraraðili sendi drög að nánari útfærslu af framkvæmdinni og tímasetningu framkvæmda með tölvupósti þann 5. nóvember sl. og Heilbrigðiseftirlitið hefur samþykkt þessa framkvæmd. Tímaáætlunin gerir ráð fyrir því að framkvæmdum verði lokið 31. janúar 2015.

Engin niðurföll eru í verksmiðjunni önnur en þau sem tengjast affalstankinum. Tekur hann 600m³ og rúmar hann vel allt frárennsli auk þess að geta tekið við áföllum ef þau koma upp.

Farið var yfir mælingar á fosfór, pH og leiðni og voru þau gildi vel innan marka. 2 tilkynningar hafa borist á þessu ári hvað varðar pH gildi sem eru utan marka. Var það tilkynnt í bæði skiptin og fylgdi útskýring hverju frávik. Annars vegar vegna var það vegna bilunar í dælu og og hins vegar vegna mistaka starfsmanna.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila, Heilbrigðisnefnd né eftirlitsaðila á árinu en eitt smávægilegt óhapp kom upp þann 21. febrúar er eldur kviknaði í tanki í einni framleiðsluvélinni. Slökkvilið var kallað út en skemmtir voru óverulegar og engin hættu á mengunarleka.

Skipt var um tryggingafélag á árinu og hefur staðfestingu á nýrri tryggingu verið skilað inn til eftirlitsaðila.

Endurskoðuð viðbragðsáætlun var send í ágúst 2013. Góð áætlun en gerð var athugasemd um að inn í hana vantar númer eftirlitsaðila og tengiliða. Rekstraraðili lagfærir það og sendir leiðrétt eintak til eftirlitsaðila.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað á réttum tíma.

Kvikasilfur var mælt í frárennsli árið 2011 og er stefnt að því að gera nýjar mælingar á næsta ári.

Góð flokkun er á úrgangi og magn þess hefur minnkað verulega á milli árána 2011 og 2013. Umgengni er snyrtileg og merkingar greinargóðar.

Verksmiðjan fékk ISO14001 vottun þann 24. mars sl. og verður hún tekin úr árlega næstu 3 árin. Stefnt er á að vinna við ISO 18001 vottun hefjist á næsta ári.

Minnt var á að öll gögn skuli send á netfangið ust@ust.is og á gstella@ust.is

Merking frávikalausra fyrirtækja á vefsíðu Umhverfisstofnunar var kynnt, sem og möguleiki á fækkun eftirlits sé rekstraraðili frávikalaus í 4 ár eða lengur. Tekið var fram að sækja þarf sérstaklega um slíka umbun.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.


ANNAÐ

Framkvæmdir standa yfir við byggingu á 15m³ saltsýrutank við athafnasvæði verksmiðjunnar og stefnt er að því að

taka hann í notkun í lok október eða byrjun nóvember.

Viðstödd eftirlitið var María Markúsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Gunnar Gunnarsson og Rúnar Sigurpálsson voru einnig viðstaddir samráðsfundinn.

Reykjavík, 02.10.2014



Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.